

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar
lyfsala í Reykjavíkrapóteki 1918 – 1962.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala. Hann er stofnaður af Bent Scheving Thorsteinsson 25. maí 2001, með framlagi hlutafjár að verðgildi kr. 10.300.000 sem hann gefur til minningar um hjónin Bergþóru Paturson fædda 26. febrúar 1898 í Kirkjubæ í Færeyjum dána 22. október 1970 í Reykjavík og Þorstein Scheving Thorsteinsson fæddan 11. febrúar 1890 á Brjánslæk, V.-Barðastrandar-sýslu, dáinn 23. apríl 1971 í Reykjavík. Var hlutaféð innleyst strax og eru kr. 10.300.000 stofnfé sjóðsins.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Háskóla Íslands og ávaxtaður á hagkvæmasta hátt á hverjum tíma og reikningar sjóðsins endurskoðaðir með reikningum Háskólasjóða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og stofnfé, svo og gjafir er sjóðnum kunna að berast og leggjast við stofnfé.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að veita verðlaun fyrir vísindaleg afrek og styrkja rannsóknir og framhaldsnám í lyfjafræði.

5. gr.

Rektor ákveður úthlutun úr sjóðnum hverju sinni og hefur um það frjálsar hendur. Skal hann leita samráðs við forseta lyfjafræðideildar.

6. gr.

Úthluta má úr sjóðnum árlega eða sjaldnar eftir því sem rektor finnst tilefni til, en ekki má úthluta meira en $\frac{3}{4}$ af vaxtatekjum hverju sinni. Óúthlutaðir vextir leggjast við stofnfé.

7. gr.

Það er ósk gefanda að verðlaunum sé úthlutað við hátíðlega opinbera athöfn og þess þá getið í hverra minningu þau eru veitt, og fram tekið hverjum veitt, upphæð verðlauna og framlag verðlaunahafa. Jafnframt væri æskilegt að greint væri frá verðlaunaafhendingunni í fjölmiðlum og Árbók Háskóla Íslands.

8. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef rektor telur það nauðsynlegt.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til málefna tengdra markmiðum sjóðsins.

10. gr.

Skipulagsskrá Verðlaunastjóðs Bergþóru og Þorsteins Schevings Thorsteinssonar lyfsala skal staðfest af dómsmálaráðuneyti samkvæmt lögum nr. 19/1988.

Reykjavík, 25. maí 2001.

Bent Scheving Thorsteinsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. október 2001.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.